

OKKAR Framtíð II

Trygging vegna slyss eða sjúkdóms

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið um váttrygginguna. Váttryggingartaki getur einungis verið forráðamaður barns (foreldri).

Váttryggður: Sá einstaklingur á aldrinum 3ja mánaða til 18 ára sem váttryggingin tekur til.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

Aðalgjalddagi: Aðalgjalddagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem váttryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

1. GR. INNGANGUR

Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarumsókn og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Um samninginn gilda lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í váttryggingarskírteini, váttryggingarskilmálum þessum og tilkynningu um aðalgjalddaga ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

2. GR. UM GILDISTÖKU VÁTTRYGGINGARINNAR OG GILDISTÍMA

Ábyrgð félagsins hefst á útgáfudegi, þegar félagið hefur móttekið og samþykkt undirritaða umsókn með nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu.

Váttryggingin gildir frá útgáfudegi, sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini, og endurnýjast til árs í senn til þess tíma sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini, þó að hámarki til 18 ára aldurs váttryggðs. Félagið váttryggir ekki börn yngri en 3ja mánaða.

Váttryggingartaki hefur 30 daga frest (íðrunarfrest) til að segja váttryggingunni upp, frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

2.1. GILDISSVIÐ

Váttryggingin greiðir bætur vegna sjúkdóms eða meins sem greinist **eftir** gildistöku váttryggingarinnar.

Váttryggingin greiðir einnig bætur vegna slyss váttryggðs sem á sér stað **eftir** gildistöku váttryggingarinnar.

Váttryggingin bætir **ekki** afleiðingar sjúkdóms eða meins sem hefur komið fram (þ.e. einkenni eða greining) fyrir gildistöku váttryggingarinnar og váttryggingartaki veit eða mátti vita um við undirritun váttryggingasamnings eða eftir að váttryggingin féll úr gildi. Váttryggingin bætir **ekki** afleiðingar slyss sem rekja má til atburðar sem váttryggingartaki veit eða mátti vita um og átti sér stað fyrir undirritun váttryggingasamnings eða eftir að váttryggingin féll úr gildi.

Váttryggingin bætir því ekki tjón sem rekja má til sjúkdóms eða slysa sem áttu sér stað eftir að váttryggingin féll úr gildi eða fyrir gildistöku hennar sbr. einnig ákvæði 9.1.

3. GR. HVAR GILDIR VÁTTRYGGINGIN

Váttryggingin gildir á Norðurlöndunum. Þó gildir váttryggingin í allt að eitt ár ef váttryggður flytur frá Norðurlöndunum. Tilkynna ber með skriflegum hætti breytingu sem verður á búsetu váttryggðs sbr. takmörkun skv. gr. 9.3.

4. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi váttryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í

för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

5. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Fyrsta iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga við gildistöku váttryggingarinnar. Endurnýjunariðgjald fellur í gjalddaga á endurnýjunardegi váttryggingarinnar.

Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga. Greiðslufrestur er minnst 30 dagar frá því að félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingarsamningi með skriflegri tilkynningu ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjalddaga. Í því tilviki skal váttryggingartaki hafa 14 sólarhringa frest til þess að greiða ógreitt iðgjald, að öðrum kosti fellur tryggingin úr gildi.

Ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga, skal váttryggingartaki greiða dráttarvexti á iðgjaldi í vanskilum og allan vanskilakostnað sem af vanefndum hans hljótask, þ.m.t. kostnað vegna vanefnda-tilkynninga og lögræðiinnheimtu.

6. GR. ENDURNÝJUN OG UPPSÖGN

Váttryggingin endurnýjast á aðalgjalddaga til eins árs í senn, hafi henni ekki verið sagt upp. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

Váttryggingartaki skal greiða fyrir það tímabil sem félagið ber ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.

Félagið getur með vísan til laga nr. 30/2004 sagt upp váttryggingunni í eftirfarandi tilfellum:

- Ef gefnar hafa verið rangar og ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara.
- Ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara.

7. GR. VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐ

Váttryggingarfjárhæð er valin á umsókn og kemur fram á skírteini og á tilkynningu um aðalgjalddaga. Váttryggingarfjárhæðin er notuð til ákvörðunar bóta skv. bótabáttum sem nánar eru skilgreindir í skilmálum þessum. Dánarbætur koma fram á skírteini.

Krafa um bætur fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi gögn hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

8. GR. VÁTTRYGGINGIN BÆTIR

Váttryggingin greiðir:

- Örorkubætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku af völdum sjúkdóms eða slyss sbr. 8.1.1
- Bætur til forráðamanns vegna örorku barns sbr. 8.2
- Bætur v. aðhlyningar sbr. 8.3
- Sjúkdómabætur vegna þeirra sjúkdóms sem nánar eru tilgreindir sbr. 8.4
- Dánarbætur sbr. 8.5
- Iðgjaldafrelsi sbr. 8.6

8.1. ÖRORKUBÆTUR VEGNA VARANLEGRAR LÆKNISFRÆÐILEGRAR ÖRORKU

8.1.1. SKILGREININGAR

Váttryggingin bætir varanlega læknisfræðilega örorku af völdum sjúkdóms eða slyss, sem metin er í fyrsta lagi eftir eitt ár frá váttryggingaratburði.

Varanleg lækisfræðileg örorka

Með varanlegri lækisfræðilegri örorku í váttryggingu þessari, er átt við að sjúkdómur eða slys hefur haft í för með sér varanlega skerðingu á líkamlegri getu hins váttryggða af völdum váttryggingaratburðarins.

Örorku skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu váttryggðs.

Sé áverka eða ástands ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal nota sænskar miska- og örorkutöflur, sem gefnar eru út af samtökum sænskra tryggingafélaga eða önnur viðmið sem teljast verða viðurkennd við slíkt mat. Örorka getur aldrei talist meiri en 100% fyrir hvern einstakan tjónsatburð og lækisfræðileg örorka sem var fyrir hendi þegar váttryggingin tók gildi veitir aldrei rétt til bóta. Sama gildir um ör eða önnur útlitslýti.

Slys

Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Sjúkdómur

Með orðinu „sjúkdómur“ er átt við heilsubrest sem ekki flokkast undir slys hér á undan. Sjúkdómurinn hefur í för með sér að líkamleg eða andleg færni hins váttryggða skerðist sannanlega vegna hans. Upphaf sjúkdóms miðast við greiningardag.

8.1.2. BÓTAFJÁRHÆÐIN

Útborgaðar bætur eru jafn stórt hlutfall váttryggingarfjárhæðarinnar og samsvarar lækisfræðilegu örorkustigi, sbr. gr. 8.1.1. Heildarörorkustig vegna sama sjúkdóms eða slyss er takmarkað við 100%, og þá eru lækisfræðilega tengdir sjúkdómar teknir sem einn og sami sjúkdómurinn.

Bætur greiðast vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku sem metin er skv. örorkumati lækis 15% eða hærra. Ef örorkustig er lægra en 15%, eru ekki greiddar bætur vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku.

Bætur greiðast í hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini þó þannig að hver örorkuprósentu frá 51-100% verkar fjórfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 250% af grunnváttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini. Váttryggingarfjárhæð vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku breytist með hliðsjón af breytingum á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar, frá tjónsdegi til greiðsludags.

8.1.3. BÓTARÉTTURINN

Rétturinn til bóta vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku skapast þegar sjúkdómur eða slys hefur valdið varanlegri skerðingu á líkama hins váttryggða, og ástand hans er stöðugt. Þegar um varanlega lækisfræðilega örorku er að ræða skapast réttur til greiðslu bóta vegna örorku í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir að sjúkdómur greindist eða slysið varð og fyrir liggur örorkumat sem staðfestir varanlegar afleiðingar.

Fresta má örorkumati svo lengi sem þörf krefur samkvæmt lækisfræðilegri reynslu eða vegna fyrirbyggjandi möguleika á endurhæfingu, þó ekki lengur en í 10 ár frá tjónsatburði. Við útborgun er miðað við vísitölu neysliverðs í mánuðinum á undan tjónsdegi og bótafjárhæðin uppfærð í samræmi við breytingar á vísitölunni þar til í mánuðinum fyrir uppgjörsdag.

Ef váttryggður andast áður en réttur til bóta vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku hefur skapast eru bætur vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku ekki greiddar út. Hafi réttur til bóta vegna örorku skapast er borguð út upphæð sem samsvarar staðfestri varanlegri lækisfræðilegri örorku sem talið er að hafi legið fyrir við andlátíð.

Við greiðslu bóta vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku fellur váttryggingin úr gildi.

Bætur vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku verða greiddar inn á bundinn reikning í viðurkenndri fjármálastofnun á Íslandi á nafni váttryggðs og verða lausar til útborgunar við 18 ára aldur váttryggðs. Eftir 18 ára aldur váttryggðs greiðast bætur vegna varanlegrar örorku til váttryggðs.

8.2 BÆTUR TIL FORRÁÐAMANNNS VEGNA ÖRORKU BARNNS

Greiddar eru eingreiðslubætur til váttryggingartaka vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku sem hlýst af sjúkdómi eða slysi váttryggðs sem verður á váttryggingartímanum. Bætur greiðast í réttu hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð þessa bótabáttar sem tilgreind er í váttryggingarskírteini og á heimasíðu félagsins.

Bætur greiðast ef lækisfræðilegt mat á varanlegri lækisfræðilegri örorku nær 15% eða meira. Bætur samkvæmt þessum þætti greiðast til váttryggingartaka. Hámarksbætur eru tilgreindar á heimasíðu félagsins.

8.3. BÆTUR VEGNA AÐHLYNNINGAR

Váttryggingin greiðir váttryggingartaka bætur ef hinn váttryggði er innlagður á sjúkrahús vegna sjúkdóms eða slyss og/eða þarfnast sólarhrings aðhlyningar heima fyrir, samfara „virkri meðferð“, í samtals 60 daga á 120 daga tímabili. Með orðunum virk meðferð, er t.d. átt við lyfjagjöf, þjálfun, lækis meðferð, almenna aðhlyningu og hjúkrun á sjúkrastofnun eða heimili.

Skilyrði bótaskyldu er að vottorð þess lækis sem annaðist váttryggðan á ofangreindu tímabili staðfesti vistun á sjúkrastofnun og/eða umönnunarbörf og virka meðferð sem og tímabil umönnunar.

Bætur greiðast aðeins einu sinni vegna hvers slyss eða sjúkdóms og á það einnig við um fylgikvilla þeirra sjúkdóma, slysa og veikinda eða heilsufarseinkenna sem tengjast þeim lækisfræðilega. Dagpeningar skv. þessu ákvæði greiðast að hámarki í 365 daga og greiðast til váttryggingartaka.

8.4 SJÚKDÓMABÆTUR

8.4.1 BÓTASVIÐ OG SKILYRÐI BÓTA

Sjúkdómabætur greiðast í eingreiðslu ef váttryggður hlýtur eftirfarandi sjúkdómsgreiningu:

- MS (heila- og mænisigg)
- Krabbamein
- Góðkynja heilaæxli
- Sykursýki
- Alvarleg brunasár
- Slímseigjusjúkdómur
- Liðagigt
- Blinda
- Alnæmi (AIDS) vegna stunguóhapps eða af völdum blóðgjafar

EKKI eru greiddar bætur vegna ofangreindra sjúkdóma sem greinast á fyrstu þremur mánuðum eftir gildistöku váttryggingarinnar. Greining sjúkdóms skal staðfest af sérfræðingi. Bótaskylda er háð því að váttryggður sé á lífi 30 dögum eftir að sjúkdómsgreining hefur fengist.

8.4.2 BÓTAFLOKKAR OG SKILGREININGAR

A. MS (heila- og mænisigg) (Multiple Sclerosis)

Heila- og mænisigg greint á barnaeild við viðurkennt sjúkrahús eða af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Hinn tryggði verður að hafa taugakerfiseinkenni í a.m.k sex mánuði eða haft amk. tvö klínísk staðfest tímabil einkenna. Þessu til staðfestingar skulu einkenni afmýlingar og truflun hreyfinga og skynjunar vera dæmigerð og greind með segulómrannsókn og/eða með rannsókn á mænuvökva.

B. Krabbamein (Cancer)

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði) og illkynja eitlaæxli (lymphomas), og Hodgkinssjúkdóm á stigi II-IV.

Undanskilin eru:

- Hvers konar húðkrabbamein
- Öll æxli sem er vefjafræðilega lýst sem forstigeinkennum eða sem einungis sýna snemmbærar illkynja breytingar
- Setbundið krabbamein, ekki ífarandi.

C. Góðkynja heilaæxli (Benign Brain Tumour)

Æxli í heila sem ekki er illkynja, en veldur varanlegum skaða á miðtaugakerfi.

Undanskilin eru:

- Blöðrur (cysts)
- Hnúðar (granulomas)
- Heilahimnuæxli (meningiomas)
- Seilaræxli (choromas)
- Æðagallar
- Heilamar og æxli í heiladingli eða mænu.

D. Sykursýki (Diabetes Mellitus 1)

Sykursýki greind af sérfræðingi í barnalækningum eða lyflækningum. Fastandi blóðsykur verður í endurteknum sýnum að hafa verið hærrí en 8 mmol/l og váttryggður verður að hafa fengið meðhöndlun með insúlíni í meira en þrjú mánuði.

E. Alvarleg brunasár (Third Degree Burns)

Alvarleg brunasár eru skilgreind hér sem þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k 20% af yfirborði líkama váttryggðs, staðfest af sérfræðingi.

F. Slímseigjusjúkdómur (Cystic Fibrosis)

Slímseigjusjúkdómur greindur af sérfræðingi í barnasjúkdómum. Váttryggður verður að hafa haft langvinnan lungnasjúkdóm og/eða skort á framleiðslu brissafa. Jafnframt verður svitapróf að sýna að styrkur klóríðs sé meiri en 60 mmol/l hjá 16 ára og yngri og meiri en 80 mmol/l hjá eldri en 16 ára.

G. Liðagigt (barna liðagigt/langvinn liðagigt) (Juvenile Rheumatoid Arthritis)

Barnaliðagigt eða langvinn liðagigt greind á viðurkenndu sjúkrahúsi eða hjá sérfræðingi í gigtarlækningum. Með gigt er í öllu samhengi átt við liðbólgu og að minnsta kosti tvö af eftirfarandi einkennum: Hreyfiskerðingu, hitaaukningu og sársauka.

Liðagigt hjá yngri en 16 ára

Gigt í fleiri en einum lið í meira en þrjú mánuði. Rannsóknir skulu hafa farið fram sem útiloka að einkennin stafi frá liðbólgu tengdri sýkingu, smitandi liðsjúkdómi, bæklunarsjúkdómi, áverkum, óeðlilegri nýmyndun vefja, ónæmishöfnun og æðabólgu.

Liðagigt hjá eldri en 16 ára

Að minnsta kosti fjögur af eftirfarandi sjö einkennum skulu vera til staðar:

1. Morgunstirðleiki
2. Liðbólga í þremur eða fleiri af eftirfarandi liðum samtímis: úlnliður, nærkjúkuliður fingra, miðkjúkuliður fingra, olnbogi, hnélið, ökklið og tábergslíði
3. Liðagigt í eftirfarandi liðum handarinnar: úlnliður, nærkjúkuliður fingra eða miðkjúkuliður fingra
4. Samhverf liðagigt (liðagigt í sömu liðum á hægri og vinstri helmingi líkamans á sama tíma)
5. Gigtarhnútar
6. Jákvæðir gigtarþættir
7. Dæmigerðar röntgenbreytingar á handa og úlnliðsmyndum.

Einkenni 1-4 verða að hafa verið til staðar í minnst 6 vikur. Einkenni 2-5 verða að hafa fundist af sama lækni og greindi sjúkdóminn.

H. Blinda (Blindness)

Varanleg ólæknandi sjónskerðing, svo mikil að jafnvel þegar prófað er með sjónrænum hjálpargögnum mælist sjónin 3/60 eða minni á betra auganu með notkun Snella augnspjaldsins. Greining verður að hafa átt sér stað hjá augnlækni eða sérfræðingi í augnsjúkdómum.

I. Alnæmi (AIDS)

Eyðniveirusmit af völdum stunguóhapps sem váttryggður verður fyrir af völdum nálar sem skilin hefur verið eftir á leiksvæðum, útvistarsvæðum eða öðrum opnum svæðum. Eða smit af völdum blóðgjafar sem þátt í læknismeðferð. Með tilkynningunni um smit skal óhappaskýrsla fylgja ásamt staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu úr HIV mótefnamælingu sem tekin var strax eftir óhappið. Breyting í jákvætt próf skal hafa gerst innan 6 mánaða frá óhappinu.

Atvik það sem orsakar smit skal hafa átt sér stað á gildistíma váttryggingarinnar og verður að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- Atvikið verður að hafa verið tilkynnt til viðkomandi yfirvalda og rannsókn þess verður að hafa verið framkvæmd með viðurkenndum aðferðum,
- einnig verður að fara fram annað HIV mótefnapróf innan 12 mánaða, sem staðfestir að eyðniveiran (HIV) hafi komið fram eða að HIV-mótefni séu til staðar,
- atvikið sem valdið hefur smiti verður að hafa átt sér stað á Íslandi.

8.4.3 BÓTAFJÁRHÆÐ OG RÉTTHAFI

Sjúkdómabætur eru föst fjárhæð og greiddar í eingreiðslu til váttryggingartaka.

Bótafjárhæð er tilgreind á váttryggingarskírteini og á heimasíðu félagsins.

8.4.4 TAKMÖRKUN Á SJÚKDÓMAVERND

Bætur greiðast einu sinni vegna hvers sjúkdóms sbr. 8.4.1 hér að framan en váttryggingin gildir áfram fyrir aðrar sjúkdómstegundir sem þar koma fram. Þetta þýðir t.d. að aðeins einu sinni fást greiddar bætur vegna krabbameins.

Ef greiddar eru sjúkdómabætur greiðist ekki bætur vegna aðhlyningar sbr. 8.3. vegna sama sjúkdómsástands.

8.5. DÁNARBÆTUR

Váttryggingin greiðir bætur til váttryggingartaka ef hinn váttryggði deyr á meðan váttryggingin er í gildi. Bótafjárhæð er tilgreind í váttryggingarskírteini og tilkynningu um aðaljalddaga.

Við greiðslu dánarbóta samkvæmt þessari grein fellur váttryggingin úr gildi.

8.6 IÐGJALDAFRELSI

Ef váttryggingartaki yngri en 65 ára, fellur frá á gildistíma váttryggingarinnar, greiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar út samningstíma hennar.

Það er þó háð því skilyrði að váttryggingin hafi verið í gildi í 24 mánuði þegar andlátið ber að höndum.

9. GR. TAKMARKANIR Á BÓTARÉTTI

9.1 ALMENNAR TAKMARKANIR

Váttryggingin tekur ekki til sjúkdóma sem sýna einkenni **innan þriggja mánaða** frá því að váttryggingin tók gildi.

Váttryggingin nær ekki til sjúkdóma, slysa, líkamsáagalla eða andlegs seinþroska/proskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks

ástands hafi einkenni þessi **sýnt sig áður** en váttryggingin tók gildi sbr. gildissvið váttryggingarinnar í ákvæði 2.1.

Váttryggingin nær ekki til meðfædds sjúkdóms, meðfædds líkamsáagalla eða meðfædds andlegs seinþroska/proskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands ef talið er líklegt samkvæmt læknisfræðilegri reynslu; að það hafi verið til staðar frá fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms sem líklegt er að megi rekja til meðfædds kvilla. Takmörkun þessi á við um allt bótaskvið váttryggingarinnar sbr. 8.gr. Takmörkun skv. þessu ákvæði gildir ekki ef barnið er orðið 6 ára þegar einkenni sjúkdóms koma fram sjá ákvæði 9.2 varðandi sjúkdóma sem ekki eru bættir.

Váttryggingin nær ekki til slysa eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum heimsfaraldra sem eru útbreiddir á heimsvísu, s.s. svínafleisu eða zika veiru, kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar, uppbots eða svipaðra atvika né heldur til slysa eða sjúkdóma af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar þ.m.t. vegna sýkla og veira.

9.2. SJÚKDÓMAR OG ÁSTAND SEM EKKI ER BÆTT

Váttryggingin nær ekki til eftirfarandi sjúkdóma, heilkenna eða ástands án tillits til hvenær fyrstu einkenni koma fram¹;

- Dreyrarsýki ICD10 D66 og D67
- Þroskafrávik ICD10 F70-F99 (t.d. ADHD-athyglisbrestur/öfyrirkni, einhverfa, seinþroski, asperger heilkenni, tourette sjúkdómur)
- Flogveiki ICD10 G40
- Sjúkdómar í miðtauga- og vöðvakerfi ICD10 G11, G12, G60, G71 og G80 (t.d. CP (heilalömun), vöðvarýrnun)
- Leiðni- og skyntaugaheyrnatap
- Meðfædd fötlun eða litningafrávik ICD10 Q00-Q99 (t.d. Downs heilkenni og vansköpuð innvortis líffæri)
- Geðræni sjúkdómar ICD10 F00-F69

Þessi takmörkun á við allt bótaskvið váttryggingarinnar sbr. 8 gr.

9.3. DVÖL ERLENDIS

Takmörkun váttryggingarverndar vegna dvalar erlendis kemur fram í 3. gr. sbr. einnig 8.4.2 l.

Vanræki váttrygður að tilkynna um búsetubreytingu getur það haft áhrif á ábyrgð félagsins, sbr. 88. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9.4. ÁFENGI OG FÍKNIEFNI

Váttryggingin tekur ekki til sjúkdóms eða slyss sem telja má að stafi af misnotkun á áfengi, lyfjum, eiturlyfjum eða þess háttar.

9.5. ANNAD ÁSTAND SEM EKKI ER BÆTT

Slys sem verður vegna meðvitaðrar háttsemi er ekki bætt.

Félagið ber ekki ábyrgð á sjálfsvígi eða sjálfsvígstilraun sem rakin verður til geðrænna sjúkdóma.

10. gr. SKYLDUR VÁTTRYGGINGARTAKA VIÐ TJÓNSATBURÐ

Verði tjón sem talið er að váttryggingarskilmálar þessir taki til, skal tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefni.

Réttthafi glatar rétti til bóta ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins **innan árs** frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

11. GR. IÐGJALDABREYTINGAR

Iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins á hverjum tíma.

12. GR. VÍSITÖLUBINDING VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR OG IÐGJALDS

Váttryggingarfjárhæð sú sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða tilkynningu um aðalgjalddaga breytist á aðalgjalddaga ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu. Grunnvísitala er vísitala neysluverðs útgefin í mánuðinum á undan útgáfumánuði/aðalgjalddaga.

Iðgjald breytist í samræmi við breytingu váttryggingarfjárhæðar. Lækki vísitalan, hefur það hvorki áhrif til lækkunar váttryggingarfjárhæðar eða iðgjalds.

13. GR. GAGNAÖFLUN OG GREIÐSLA KOSTNAÐAR

Félagið greiðir venjulegan kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr váttryggingunni.

Félagið greiðir **ekki** kostnað vegna lögmannsaðstoðar né heldur annan kostnað sem kann að stofnast vegna bótaskrófu.

14. GR. FYRNING

Um fyrningu bótaskrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

15. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefnd þessa og starfshætti veitir Fjármálaeftirlitið.

Þjónusta nefndarinnar eða málskot til hennar skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

16. GR. FRESTUR TIL LÖGFRÆÐILEGRA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem telur sig eiga rétt til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. laga nr. 30/2004 innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu.

17. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem rísa kunna út af váttryggingu þessari skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar nr. BA1075
Gilda frá og með 1.06.2016

¹ Skilgreingar þær sem hér koma fram á sjúkdómum eru frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og má finna upplýsingar um þá þar. Einnig má finna upplýsingar á heimasíðu OKKAR líftrygginga hf.